

Starfsmannastefna Grandaborgar

Starfsmannastefna Grandaborgar er unnin með hliðsjón af [Starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar](#)

Markmið starfsmannastefnunnar er að Grandaborg hafi alltaf að skipa hæfum og áhugasömum einstaklingum. Einstaklingum sem geta tryggt nauðsynlegt frumkvæði í starfi, veitt góða þjónustu á hverjum degi og brugðist við síbreytilegum þörfum leikskólans. Starfsmannastefnan á að tryggja starfsmönnum Grandaborgar ákveðin starfsskilyrði og möguleika á að vaxa og dafna í starfi.

Með starfsmannastefnunni er leitast við að auðvelda starfsmönnum að tileinka sér þær starfsaðferðir sem leikskólinn hefur sett sér í tengslum við; *Lög og reglugerð um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla og nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar*:

Einnig er leitast við að skapa starfsmönnum aðstæður til að samræma starf og fjölskyldulíf.

Markmið starfsmannastefnu Grandaborgar er að starfsmenn eigi gott samstarf og finni til ábyrgðar og vellíðan í vinnu. Starfsfólk ber að tileinka sér markmið og starfsaðferðir leikskólans. Gengið eru út frá að allir starfsmenn Grandaborgar taki þátt í að móta starfið og þar með talið starfsandann. Þeir eru fyrirmyndir með daglegri framkomu sinni, viðhorfum, orðum og athöfnum. Starfsmenn gera með sér sáttmála þar sem gagnkvæm jákvæð tengsl, tillitsemi, umburðarlyndi og kurteis framkoma skiptir miklu máli í samskiptum.

Góður starfsmannahópur er grunnur að því að börnin finni fyrir öryggi og líði vel í leikskólanum.

Lögð sérstök áhersla á að taka vel á móti nýjum starfsmönnum með sérstakri móttökuáætlun og handleiðslu sem starfsmannahópurinn hefur mótað.

Í námskrá Grandaborgar kemur fram að einkunnarorð leikskólans er;

vinátta, samkennd og virðing. Í sameiningu ákvað starfsmannahópurinn að láta þessi einkunnarorð skína í gegnum starfsmannastefnu Grandaborgar. Þau fela í sér margvísleg gildi t.a.m. hrós, gleði, heiðarleika, tillitsemi, kærleik, hjálpsemi, áhugasemi og hugrekki.

Starfsmenn Grandaborgar hafa einnig mótað ákveðinn sáttmála í sameiningu og haft boðskap og lífsspeki bókarinnar *Fiskur* að leiðarljósi. Boðskapur þeirrar bókar kennir okkur að með ákveðnu hugarfari er hægt að auka vinnugleði og bæta starfsárangur.

Leiðarljósín eru;

veldu þér viðhorf, leiktu þér, vertu til staðar og gerðu daginn eftirminnilegan.